

Embætti landlæknis birtir árlega lýðheilsuvísa sem gefa vísbendingar um heilsufar og líðan.

Samkvæmt þeim er skimun fyrir brjóstakrabbameini meðal kvenna á Suðurnesjum marktækt lægri en annars staðar á landinu.

Til þess að koma til móts við þessa staðreynd hefur verið ákveðið að bjóða upp á skimun 20.-27. nóvember á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Myndatakan tekur einungis um 10 mínútur og við hvetjum öll sem fengið hafa boðsbréf að bóka tíma. Brjóstaskimun er hluti af greiðslupátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands.

Þar sem boðið er upp á þjónustuna á dagvinnutíma er þess farið á leit að ef starfmaður þinn fær boð í að koma í skoðun að það verði hægt að verða við því. Með sameiginlegu átaki einstaklinga, fyrirtækja og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja gætum við náð markmiðum um að auka skimun á Suðurnesjum og leitum því til ykkar með aðstoð að koma þessum skilaboðum áleiðis til kvenna á þínum vinnustað.



**Mundu eftir
brjóstunum!**

**Reykjanesbær 20. -21. nóv.
og 23.-27. nóv. 2024**

Bókaðu núna á
krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is
eða í síma **513 6700** kl. 8:30-12:00 virka daga

To schedule your appointment e-mail us on
krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is
or call us on **513 6700** between 8:30-12:00
on any weekday

heilsugaeslan.is Samhæfingarstöð krabbameinsskimana Brjóstamiðstöð Landspítala